# 5. BEKKUR

Blað til styrktar menningarferð 5. bekkjar árið 2024

GRUNNSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

**Takk fyrir stuðninginn**

1500 kr.



Árgangur 2013

# Frá umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum

Kæru nemendur og aðrir lesendur

Þá er loksins komið að fyrsta alvöru skólaferðalaginu okkar í árgangi 2013, menningarferðinni til Reykjavíkur. Krakkarnir hafa sjálfir safnað fyrir ferðinni. Hefðin er að nemendur í 5. bekk við Grunnskólann í Stykkishólmi gefi árlega út blað sem inniheldur efni sem þeir skrifa sjálfir og taka saman. Það hefur verið gaman að fylgjast með og leiðbeina nemendum í gegnum ferlið að vinnu skólablaðsins. Slík vinna skilar hellings kunnáttu og færni, samvinnan hefur verið mikil og nemendur þurft að treysta á sjálfa sig og sýna frumkvæði í vinnubrögðum. Einnig inniheldur blaðið auglýsingar og styrktarlínur frá fyrirtækjum í bænum. Tekjur af þessu skólablaði renna beint í menningarferðina. Síðustu tvö ár hafa tveir bekkir unnið að útgáfu blaðsins, vegna Covid. Nú má segja að við séum komin á rétt ról og því einungis einn árgangur sem sér um blaðið í ár. Í menningarferðinni þetta árið ætlum við m.a. að skella okkur í Borgarleikhúsið og sjá leikritið um Fíusól, heimsækja Þjóðminjasafnið og Elliðaárstöð.

Í 5. bekk eru 16 hressir og skemmtilegir krakkar. Þetta er frábær hópur sem hefur verið gaman að kenna og fylgja síðustu tvö ár. Þær Dagbjört, Ólöf og Sóley hafa einnig fylgt bekknum og okkur þykir afar vænt um þær. Dagbjört kom til okkar í upphafi þessa skólaárs, Ólöf hefur verið með hópnum síðan í 3. bekk en hún er núna í fæðingarorlofi og því kom Sóley til okkar um áramót 2023-2024.

Það styttist óðfluga í ferðina okkar sem farin verður 21. apríl nk. Ég veit að þið, kæru nemendur hlakkið mikið til menningarferðarinnar og við erum einnig orðnar ansi spenntar að fá að upplifa þessa ferð með ykkur. Við efumst ekki um að þetta verður æðisleg ferð sem þið eigið eftir að muna eftir lengi.

Við viljum þakka þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrktu krakkana og tóku vel í þegar þeir höfðu samband, kærlega fyrir stuðninginn. Einnig þökkum við ykkur lesendur góðir fyrir að kaupa blaðið.

Arna Sædal, Dagbjört, Sóley og Ólöf


DEKK
OG SMUR
WILLYZ
DEKK OG SMUR

# Kynning á 5. bekk



**Nafn:** Arndís Iða
**Foreldrar:** Sunna Guðný og Hermann
**Framtíðarstarf?** Ljósmyndari og vinna með dýr



**Nafn:** Hrafntinna Kristín
**Foreldrar:** Gísli Sveinn og Þóra Sonja
**Framtíðarstarf?** Veit ekki



**Nafn:** Sigurður Reginn
**Foreldrar:** Rannveig og Jóhann
**Framtíðarstarf?** Leikari



**Nafn:** Dilljá Líf
**Foreldrar:** Agnes Helga og Kári Geir
**Framtíðarstarf?** Lögregla



**Nafn:** Glódís Júlía
**Foreldrar:** Svava og Elvar Már
**Framtíðarstarf?** Bakari eða gera við neglur



**Nafn:** Hafdís Birna
**Foreldrar:** Heiða María og Jón Sindri
**Framtíðarstarf?** Læknir



**Nafn:** Fenrir Flóki
**Foreldrar:** Kristín Lilja og Fjölnir Geir
**Framtíðarstarf?** Leikari



**Nafn:** Reynir Axel
**Foreldrar:** Ásta Sólveig og Egill Hjaltalín
**Framtíðarstarf?** Rithöfundur

Flóki Hrafn, Wojciech og Þrymur

# Orðasúpa - Lára og Ljónsi

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| G | Í | T | A | R | H | L | J | Ó | Ð | F | Æ | R | I |
| H | R | Y | U | A | X | J | Y | Z | M | K | B | N | H |
| A | Z | N | Z | V | T | Ú | B | W | J | Ó | I | T | R |
| S | I | A | F | M | Æ | L | I | H | B | S | R | Y | E |
| V | V | U | S | P | D | Í | I | T | R | Ý | G | M | K |
| K | X | E | L | L | A | A | Ú | U | Ó | K | I | A | K |
| A | J | U | I | K | J | B | G | T | Ð | V | T | M | J |
| R | H | Ó | T | T | E | Ó | B | U | I | Ö | T | M | A |
| T | L | B | L | L | Æ | K | N | I | R | L | A | A | V |
| A | T | Á | I | A | R | E | Ð | S | X | D | E | C | A |
| F | L | P | R | A | B | Í | B | H | I | Z | Q | G | K |
| L | M | E | B | A | K | A | D | J | A | A | M | M | A |
| A | T | X | Y | S | B | S | L | Ó | P | A | K | K | I |
| S | Ö | N | G | U | R | I | F | L | U | G | V | É | L |

Word Direction: → ↓ ↘ ↗

Clues

- Afmæli
- Amma
- Atli
- Baka
- Birgitta
- Bróðir
- Dagur
- Flugvél
- Gítar
- Hjól
- Hljóðfæri
- Hrekkjavaka
- Jól
- Jólaball
- Júlía
- Kartafla
- Kósýkvöld
- Litli
- Ljón
- Ljónsi
- Lára
- Læknir
- Mamma
- Pabbi
- Pakki
- Skíði
- Sveit
- Söngur
- Vinur
- Útilega

Hafdís Birna og Þórveig Birta

Góða skemmtun í menningarferðinni - Gussi ehf

Skùrinn

SÆFERÐIR EIMSKIP

# NBA horn

NBA er besta körfuboltadeild í öllum heiminum. Þar eru góðir leikmenn eins og Lebron James og líka Michael Jordan en Michael Jordan er hættur út af hann var of gamall.  Þar eru líka Giannis, hann er góður og Steph Curry, hann er besti í að skjóta þriggja stiga skot. Þá stendur maður fyrir aftan þriggja stiga línuna og skýtur og hittir og þá fær liðið þitt þrjú stig.
Ef einhver brýtur á þér þá færð þú vítaskot og það er hægt að fá 1 skot, 2 eða 3. Það er líka hægt að blokka þann sem er að skjóta með að hoppa og slá í boltann.
Í NBA eru mörg lið. Þau eru ca. 30 en samt ekki allar höfuðborgirnar í Bandaríkjunum. En besta liðið í gamla daga var Chicago Bulls og bestu leikmennirnir í liðinu voru Michael Jordan, Pippen og Dennis Rodman. En í fyrsta sæti í dag er liðið Lakers sem er í Los Angeles og bestu leikmennirnir eru Lebron James og Antony Davis.

Flóki Hrafn, Wojciech og Þrymur



*Mynd: Þrymur*



*Mynd: Flóki Hrafn*

Við vökum
meðan aðrir sofa

VAKTÞJÓNUSTAN
VÖKUSTAUR ehf

# Skemmtilegar staðreyndir

- Kattarpiss lýsir í neonljósi!
- Kettir heyra um 100 mismunandi hljóð meðan hundar heyra aðeins 10!
- Helmingur allra svína í heiminum lifir í Kína!
- Það er bannað að vera inn á Facebook í Kína!
- Kínamúrinn er 8.850 km langur, það er eins og 18 sinnum þvermál Íslands!
- Hjarta humarsins er í hausnum hans!
- Svín geta ekki litið upp!
- Það koma alltaf nýjar tennur í stað gamalla í krókódílum!
- Í Danmörku eru fleiri svín en fólk!
- Kók var einu sinni grænt á litinn!
- Við getum ekki heyrt í steypireyðunum en þeir eru í raun háværustu dýr í heiminum!
- Konur eru mun lyktnæmari en karlar!

Hrafntinna Kristín

NORSKA HÚSIÐ
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

# Viðtöl við nemendur og starfsfólk í skólanum



**Hvað heitir þú?** Ármann
**Hvað ertu gömul/gamall?** 9
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Allar
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Hermaður
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Kjöt
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur
**Hvað er áhugamálið þitt?** Fótbolti
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Húbert
**Hvað ertu gömul/gamall?** 9
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Hermaður
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Perogi
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur
**Hvað er áhugamálið þitt?** Spila
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Sigga Lóa
**Hvað ertu gömul/gamall?** 44
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Var ekki í vinnunni
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Croissant með osti og sultu
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Geit
**Hvað er áhugamálið þitt?** Fuglar
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Anna Margrét
**Hvað ertu gömul/gamall?** 38
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já, tvær
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Hippi
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Lasagne
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur
**Hvað er áhugamálið þitt?** Prjóna
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Klaudia
**Hvað ertu gömul/gamall?** 34
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já, allar
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Ekkert
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Taco
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur
**Hvað er áhugamálið þitt?** Útivera og ferðalög
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Alexandra
**Hvað ertu gömul/gamall?** 15
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Spiderman
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Lasagne
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Köttur
**Hvað er áhugamálið þitt?** Íþróttir
**Hefur þú farið til útlanda?** Nei



Arney Lilja, Salka og Fenrir Flóki

Skipper

OPIÐ ALLA DAGA

12:00 – 22:00

MUNIÐ EFTIR TAKE AWAY

ÞÚ GETUR PANTAÐ BORÐ Á SKIPPER.IS
Í TÖLVUPÓSTI Á SKIPPER@SKIPPER.IS
EÐA HRINGT Í SÍMA:
462-3809 EÐA 691-9079

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR!

# Kynning á 5. bekk



**Nafn:** Salka
**Foreldrar:** Sigríður Ólöf og Emil
**Framtíðarstarf?** Læknir eða hárgreiðslukona



**Nafn:** Þórveig Birta
**Foreldrar:** Jóna Gréta og Jón Magnús
**Framtíðarstarf?** Málari



**Nafn:** Arney Lilja
**Foreldrar:** Atli Rúnar og Theodóra
**Framtíðarstarf?** Forseti



**Nafn:** Astrid Nóra
**Foreldrar:** Sigrún Erla og Friðjón Ingi
**Framtíðarstarf?** Hestakona



**Nafn:** Þrymur
**Foreldrar:** Jón Ragnar og Hera
**Framtíðarstarf?** Atvinnumaður í körfubolta



**Nafn:** Wojciech
**Foreldrar:** Beata og Michal
**Framtíðarstarf?** BB og synir gæi



**Nafn:** Flóki Hrafn
**Foreldrar:** Símon Hjaltalín og Jónína
**Framtíðarstarf?** Atvinnumaður í körfubolta



**Nafn:** Hákon Haukur
**Foreldrar:** Heiða Rún og Helgi
**Framtíðarstarf?** Veit ekki

Flóki Hrafn, Wojciech og Þrymur

# Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri og peningar væru ekki vandamálið?

**45-50 ára karl:** Laga göturnar.
**40-45 ára kona:** Byggja stærri skóla og setja fullt af leiktækjum á skólalóðina.
**40-45 ára kona:** Stækka skólann, byggja nýjan tónlistarskóla og gera flottan samkomusal. Byggja fjölnota íþróttahöll og gera fleiri göngu-, hlaupa- og hjólastíga. Laga sundlaugina, setja aðra rennibraut, laga heitapottana og setja saunaklefa og infrarauðan klefa. Gera flott útisvæði í kringum Móvík og gera fleiri leiksvæði fyrir börn.
**30-40 ára maður:** Frí hús fyrir alla.
**45-50 ára maður:** Stækka skólann og leikskólann.
**40-50 ára maður:** Halda gott partý fyrir alla.
**60-70 ára maður:** Laga götur bæjarins og hætta svo sem bæjarstjóri.
**50-60 ára kona:** Fegra umhverfið.
**40-50 ára kona:** Laga alla garða, götur, gangstéttir og leikvelli. Kaupa fullt af jólaskrauti fyrir allan bæinn. Stækka skólann, laga tónlistarskólann og fá alla þá neikvæðu til að vera jákvæða og brosa.

Glódís Júlía og Astrid Nóra

STUNDARFRIÐUR
Accommodation in Icelandic Nature

# Viðtöl við nemendur og starfsfólk í skólanum



**Hvað heitir þú?** Karítas
**Hvað ertu gömul/gamall?** 6
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Sjóræningi
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Pizza
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Kisa
**Hvað er áhugamálið þitt?** Spila
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Arnór
**Hvað ertu gömul/gamall?** 39
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Ekkert
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Lambalæri
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Pandabjörn
**Hvað er áhugamálið þitt?** Vínylplötur
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Bríet
**Hvað ertu gömul/gamall?** 6
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Nei
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Kisa
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Grjónagrautur og píta
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur og kisa
**Hvað er áhugamálið þitt?** Lita
**Hefur þú farið til útlanda?** Nei

**Hvað heitir þú?** Sigurrós
**Hvað ertu gömul/gamall?** 11
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já, tvær
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Froskur
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Slátur
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Api
**Hvað er áhugamálið þitt?** Körfubolti
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Birna Maren
**Hvað ertu gömul/gamall?** 11
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Nei
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Pó
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Grænmetis-tortilla
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur
**Hvað er áhugamálið þitt?** Körfubolti
**Hefur þú farið til útlanda?** Já

**Hvað heitir þú?** Kristín Edda
**Hvað ertu gömul/gamall?** 11
**Hefur þú horft á einhverja Harry Potter mynd?** Já
**Hvað varst þú á öskudaginn?** Huppukona
**Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?** Sushi
**Hvað er uppáhaldsdýrið þitt?** Api
**Hvað er áhugamálið þitt?** Körfubolti og fimleikar
**Hefur þú farið til útlanda?** Já



Arney Lilja, Salka og Fenrir Flóki


Beint
í box
Póstbox


Öll þín póstmál
á mínum síðum
posturinn.is/minar-sidur
PÓSTURINN

# Viðtöl við leikmenn meistaraflokka Snæfells



**Hvað heitir þú?** Mammusu Secka
**Hvaðan ertu?** Svíðþjóð, Gambia og Senegal
**Hvað ertu gömul?** 32 ára
**Hver er uppáhalds liturinn þinn?** Svartur
**Hvað er uppáhalds maturinn þinn?** Pasta
**Hver er besti vinur þinn í körfubolta?** Jasmina
**Hvort er betra sumar eða vetur?** Sumar
**Hvað er versta liðið í körfubolta?** Þór Akureyri
**Hvað er besta liðið í körfubolta?** Keflavík
**Hvað er uppáhalds dýrið þitt?** Kanína

**Hvað heitir þú?** Jasmina Jones
**Hvaðan ertu?** Finnlandi og Bandaríkjunum
**Hvað ertu gömul?** 25 ára
**Hver er uppáhalds liturinn þinn?** Blár
**Hvað er uppáhalds maturinn þinn?** Pizza
**Hver er besti vinur þinn í körfubolta?** Mammusu
**Hvort er betra sumar eða vetur?** Sumar
**Hvað er versta liðið í körfubolta?** Fjölnir
**Hvað er besta liðið í körfubolta?** Keflavík
**Hvað er uppáhalds dýrið þitt?** Köttur





© Bæring Nói

**Hvað heitir þú?** Jaeden King
**Hvaðan ertu?** Saint Paul Minnesota
**Hvað ertu gamall?** 22 ára
**Hver er uppáhalds liturinn þinn?** Blár
**Hvað er uppáhalds maturinn þinn?** Kjúklingur
**Hver er besti vinur þinn í körfubolta?** Calvin
**Hvort er betra sumar eða vetur?** Sumar
**Hvað er versta liðið í körfubolta?** KR
**Hvað er besta liðið í körfubolta?** Fjölnir
**Hvað er uppáhalds dýrið þitt?** Hundur

**Hvað heitir þú?** Pavle Kraljic
**Hvaðan ertu?** Nis í Serbíu
**Hvað ertu gamall?** 23 ára
**Hver er uppáhalds liturinn þinn?** Grænn
**Hvað er uppáhalds maturinn þinn?** Tortilla, pizza og hamborgari
**Hver er besti vinur þinn í körfubolta?** Jaeden og Calvin
**Hvort er betra sumar eða vetur?** Sumar
**Hvað er versta liðið í körfubolta?** KR
**Hvað er besta liðið í körfubolta?** Tindastóll
**Hvað er uppáhalds dýrið þitt?** Fíll og kanína



© Bæring Nói

Astrid Nóra, Diljá Líf og Glódís Júlía

Þ.B. BORG ehf

Trésmiðja • Sími: 661 8200 / 894 1951 • Pallv@simnet.is

**Tökum að okkur alla almenna trésmíðavinnu**

**hvort heldur er nýsmíði eða viðhald**





Þ.B. BORG ehf

Trésmiðja • Sími: 661 8200 / 894 1951 • Pallv@simnet.is

# Fréttir úr Fákaborg

Við tókum Högna Friðrik Högnason tali og spurðum hann út í Fákaborg.
Elsta hesthúsið var reist í kringum 1973 og það yngsta árið 2004. Það eru um 24 hesthús í Fákaborg og 45 manns með hesta þar. Hestarnir eru um 120 talsins. Að mati Högna er Sól frá Söðulsholti besti reiðhesturinn.



## Viðtöl við meðlimi Fákaborgar

**Hvað heitir þú?:** Gróa Hinriksdóttir
**Átt þú hesta?** Já
**Hvað áttu marga hesta?** 3, á von á fjórða
**Hver er rútínan þín í hesthúsinu?** Moka, hestbak, spjalla við fólkið, gefa og fer svo heim.
**Hver er besti reiðhesturinn þinn?** Katla
**Hver er uppáhalds gangtegundin þín?** Tölt
**Hvað hefur þú verið lengi í hestamennsku?** 8 ár
**Hvað heillar þig við hestamennskuna?** Gott að vera í kringum hesta, þeir skilja alltaf og geggjaður félagsskapur.

**Hvað heitið þið?:** Íris Huld og Högni Friðrik
**Eigið þið hesta?** Já
**Hvað eigið þið marga hesta?** 21 og hlut í fjórum.
**Hver er rútínan ykkur í hesthúsinu?** Högni gefur kl. 6:30. Íris setur út og mokar kl. 15:30 og gefur smá. Svo þjálfum við og ríðum út.
**Hver er besti reiðhesturinn þinn?** Íris: Gustur - Högni: Hugmynd
**Hver er uppáhalds gangtegundin ykkar?** Tölt
**Hvað hefur þú verið lengi í hestamennsku?** Íris: 8-9 ár - Högni: 15 ár, allt í allt.
**Hvað heillar ykkur við hestamennskuna?** Íris: Samvera við dýr og fólk, frábær félagsskapur og geggjað gaman í hestaferðum. Högni: Vera á hestbaki og horfa á Írisi moka út. Bæði segja að besta hljóð í heimi sé að sitja og hlusta á hestana borða eftir góðan dag í útreiðum og þjálfun.

Arndís Iða og Diljá Líf

Skipavík ehf óskar 5. bekk góðrar ferðar í menningarferðinni

Skipavík

Mánudaga til fimmtudaga 9-18
Föstudaga 9-19
Laugardaga 11-14

# Brandarar og gátur

„Kennarinn spurði mig í dag hvort ég ætti nokkuð yngri systkini sem ekki væru byrjuð í skóla.”
„Jæja og hvað sagði hann svo þegar þú hafðir sagt honum að þú værir einkabarn.“
„Guði sé lof.“



„Hefurðu heyrt vinnubrandarann ?“
„Út af því að ég er enn þá að vinna í honum“




„Af hverju var Jóhann rekinn úr kafbátaliðinu?“
„Hann heimtaði að sofa með opinn glugga“



„Hver yrði útkoman úr kynblöndun kattar og músar?“
„Skepna sem stöðugt væri að eltast við sjálfa sig.”



„Af hverju hrekkurðu alltaf í kút þegar þú heyrir bremsuhljóð í bíl?“
„Æ konan mín stakk af í síðustu viku og ég er svo hræddur um að hún sé að koma til baka.“

Salka og Diljá Líf

BB & Synir

**Gangi ykkur vel árgangur 2013**





LOA TOURS

DAGSFERÐIR
FYRIR SÆLKERA

www.loatours.is





Gönguleiðsögn í Stykkishólmi
Fjallgöngur með smá lúxus
Hópefli fyrir stóra og smáa hópa





# Spurningar um Láru og Ljónsa

1. Hvað heitir litla systir Atla?
2. Hvað heitir höfundurinn sem skrifar Láru og Ljónsa bækurnar?
3. Hvað eru til margar bækur um Láru og Ljónsa?
4. Var Lára í kjól á gamlárskvöld?
5. Hvað heitir bóndinn í bókinni *Lára fer í sveitina*?
6. Hvað æfði Lára á mörg hljóðfæri í bókinni *Lára æfir á hljóðfæri*?
7. Hver fór með Láru í sund í bókinni *Lára fer í sund*?
8. Hvert flugu Láru og Ljónsi í bókinni *Lára fer í flugvél*?
9. Hvað gaf Lára mömmu sinni og pabba í jólagjöf?
10. Í hvaða bók á Lára afmæli?

Sjá svör við spurningum á bls. 31



Hafdís Birna og Þórveig Birta

# Ljóð eftir nemendur

**Krækiber**

Blýanturinn fagur er
ilmar eins og krækiber.
Krækiber er blátt og fínt.
Rétt eins og sjórinn.

*Höfundur: Diljá Líf*

**Skóli**

Fjóla elskar skóla
þar leikur hún við Óla
og þau róla
og æfa að hjóla
þess vegna er gaman í
skóla.

*Höfundur: Salka*

DÝRALÆKNIRINN
STYKKISHÓLMI

Öll almenn dýralæknaþjónusta
Heilsufóður fyrir gæludýr

Dýralæknirinn Stykkishólmi S: 438-1224
Símatímar alla virka daga 8:30-10:30

# Árgangur 2013
# Við óskum ykkur góðrar skemmtunar
# í menningarferðinni

# Tilraun: Dósasími (tekið úr *Vísindabók Villa*)

## Efni/áhöld

- Þú þarft þetta: tvær dósir t.d. undan skyri eða jógúrt. Því stærri sem dósin er því betra.
- Eina stóra og beitta nál eða nagla, eitthvað til að gera gat á dósirnar.
- Langan spotta, því sverari sem spottinn er, því betra.
- Tvær eldspýtur.

## Þetta þarftu að gera:

- Borðaðu allt úr dósunum eða settu í skál og borðaðu seinna. Þvoðu dósirnar vel og þurrkaðu.
- Stingdu lítið gat í miðjan botninn á báðum dósunum.
- Þræddu spottann í gegn og bittu hnút utan um eldspýtuna þannig að spottinn haldist kyrr.
- Ákveddu hvað þú vilt hafa langt í þann sem að þú ætlar að tala við. Klipptu spottann þar, þræddu í gegnum gatið á hinni dollunni og festu hann vel.
- Strekkið nú á bandinu og talið saman. Annar talar inn í dósina en hinn hefur dósina við eyrað til að hlusta. Prófaðu að tala fyrir horn.
- Strekkið meira á bandinu, þá heyrist betur. Passið bara að spottinn slitni ekki eða rifni úr dósunum.

Arney Lilja og Salka

BJARNARHÖFN
SHARK MUSEUM
SNÆFELLSNES–PENINSULA
ICELAND



# Þórsnes ehf

Reitarvegur 14
340 Stykkishólmur





Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK ohf | www.rarik.is

RARIK

# Slímgerð - íslensku fánalitirnir (tekið úr bókinni *Slím*)

## Hráefni

- Hálf túpa eða 112 ml af lími (hvítt)
- Hálf túpa eða 133 ml af glæru lími
- Boraxblanda eftir þörfum
- Rauður og blár matarlitur



## Aðferð - skref fyrir skref:

**1:** Fyrsta slímið er útbúið með hálfri túpu af hvítu lími og boraxblöndu.
**2:** Slím tvö og þrjú eru gerð saman. Hálf túpa af glæru lími og boraxblanda. Þegar slímið er tilbúið er því skipt í tvo jafna hluta.
**3:** Settu bláan matarlit í annað glæra slímið og rauðan matarlit í hitt glæra slímið.
**4:** Togaðu og teygðu slímið svo að matarliturinn dreifist vel.
**5:** Slímin þrjú eru tilbúin.
**6:** Settu bláa og rauða slímið saman í ílát útflatt hlið við hlið.
**7:** Breiddu hvíta slímið ofan á bláa og rauða slímið.
**8:** Blandaðu saman litunum.
**9:** Bíddu í 3-4 daga á meðan það verður glært og flæðir saman.



Leikið nú með slímið (uppskrift tekin úr bókinni Slím)

Þórveig Birta og Glódís Júlía

# Hvað er parkour ?

Parkour eru cool flips eins og backflip og sideflip, hvað svo sem þú vilt læra. Viltu læra backflip360 og frontflip360, eða one80, backflip one80 og frontflip one80? Í Reykjavík hjá fimleikafélaginu Ármann, er þjálfari sem heitir Tommi. Ef þú vilt æfa parkour hjá Ármanni og hjá Tomma, þá ferðu þangað eftir að þú spyrð foreldra þína og biður um að æfa parkour.



*Mynd: Sigurður Reginn*



*Mynd: Sigurður Reginn*

Þar er mjög gott trampólín og þegar þú byrjar að hoppa á því ferðu mjög hátt. Það er púðagryfja og það eru þrír stökkpallar, einn rauður, einn gulur og einn blár, eða minnsti, mið og stærsti. Þeir eru fyrir mismunandi aldur, 6-7 ára (gulur), 8-9 ára (blár) og svo 10-12 ára (rauði). Það er mjög notalegt að gera frontflip af rauða pallinum en mjög hrikalegt að gera backflip af honum.

Æfingasalurinn hjá Ármanni er huge og við endann á gryfjunni er mjúk dýna sem er gott að lenda á, líka á maganum, maður meiðir sig ekkert á henni.

Sigurður Reginn

## Rímsaga

Það eru jól á Hól. Þú mátt sjá hvern einasta krakka fá pakka. Rosalegt flóð. Úr pökkunum koma: tæki og tól, dúkkurúm og ból, mynd og dótakind. Úr pökkunum flæðir og flæðir og flæðir. Úr pökkunum dótið hreinlega æðir. Krakkarnir fá ekki stundlegan frið því pakkarnir kunna ekki pakkasið. Úr arninum koma bara enn fleiri pakkar. Pakkar og pakkar og ruglaðir krakkar.

Arndís Iða

FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

KPMG

# Við vinnum með þér – í heimabyggð

**Hvort sem þú ert einyrki, rekur lítið fyrirtæki, ert stórtækur atvinnurekandi eða vinnur að nýsköpun, þá veita sérfræðingar KPMG víðtæka þjónustu við lausn þeirra verkefna sem við þér blasa.**

**Hafðu samband og tengstu breiðu þekkingarneti KPMG**

Akranes
Helena Rós Sigurðardóttir
545 6235 / hrsigurdardottir@kpmg.is

Borgarnes
Halldóra Ágústa Pálsdóttir
545 6305 / hpalsdottir@kpmg.is

Haraldur Örn Reynisson
545 6240 / hreynisson@kpmg.is

Stykkishólmur
Gyða Steinsdóttir
545 6346 / gsteinsdottir@kpmg.is

**kpmg.is**

7. bekkur þakkar eftirfarandi aðilum veittan styrk vegna skíðaferðar

Þórsnes ehf
Reitarvegur 14
340 Stykkishólmur

Ási Synir

SÆFELL HF

DEKK og SMUR

SKIPAVÍK

ÞÓRISHÓLMI

# Ljóð eftir nemendur

## Nemendur

Nemendur eru prúð og nenna bara síma
og alls engan tíma.
Stærðfræði þau læra
cm þau mæla
og eru ekki oft að æla.
Símabann er að hefjast
og krakkarnir reyna að berjast.

*Höfundur: Astrid Nóra*

## Kokkar og sokkar

Mamma mín á marga kokka
og pabbi lítinn krók.
Bróðir minn á götótta sokka
og systir gamla bók.
Svona er nú ljóðið mitt
semdu núna þitt.

Ég geng nú í skóla
gaman er að róla
ég læri og kæri krakka
um að hafa kastað.
Einhverjum safa.

*Höfundur: Arney Lilja*

# Þraut

**Veistu svarið?**
1 + 4 = 5
2 + 5 = 12
3 + 6 = 21
8 + 11 = ?

Átak
-líkamsrækt-
stykkishólmi

NESBRAUÐ
NESVEGI 1
STYKKISHÓLMI

# Jógúrtkökur Hafdísar Birnu



## Hráefni

- 2 bollar púðursykur
- 3 stk egg
- 2 ½ bolli hveiti
- 1 tsk matarsódi
- ½ tsk lyftiduft
- 1 tsk salt
- 1 tsk vanilludropar
- 250 gr smjör
- 1 dós óska jógúrt með hnetu- og kramellubragði



## Aðferð

Þeyta egg og sykur vel saman, bæta bráðnu smjöri hægt saman við og þeyta.
Þurrefnum bætt út í og hrært, svo jógúrtinu og vanilludropunum í lokin.
Deigið sett í muffinsform og bakað við 180 gráður í u.þ.b. 15 mín.

# Þraut

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | | | 15 |
| | 5 | | 20 |
| 3 | 1 | | 10 |
| 14 | 8 | 23 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | 2 | 15 |
| | 4 | 1 | 10 |
| 8 | | | 20 |
| 20 | 13 | 12 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 5 | | 11 |
| 9 | | | 20 |
| | 6 | 1 | 14 |
| 18 | 14 | 13 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | | | 16 |
| | | 7 | 13 |
| 8 | | | 16 |
| 12 | 16 | 17 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 5 | | 15 |
| 3 | | | 16 |
| | 9 | | 14 |
| 12 | 20 | 13 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 8 | | | 17 |
| | 1 | | 15 |
| | 4 | | 13 |
| 19 | 7 | 19 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2 | | | 15 |
| | 4 | | 14 |
| | | 6 | 16 |
| 14 | 16 | 15 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 8 | | 13 |
| 2 | | | 15 |
| | 5 | | 17 |
| 15 | 19 | 11 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | 16 |
| 6 | 1 | | 11 |
| | | 9 | 18 |
| 16 | 13 | 16 | |

Haukur

HÁRSTOFAN
Stykkishólmi

Til hamingju með blaðið krakkar
og góða skemmtun í ferðinni

# KALLI GALLI

Galdrakarlinn Kalli átti sér einn galla. Hann hafði þann galla að hann hafði dellu fyrir galdramönnum. Svo mikla dellu að a) Hann varð galdramaður b) Hann var kallaður Kalli Galli c) Hann las mikið um Harry Potter en hann vildi ekki læra dauðabölvunina „Avada Kedavra“. Næsta dag fór hann að leita að dreka. Hann fann dreka og skaut hann. Hann tók einn hjartaþráð úr drekanum. Hann tálgaði sér sprota og lét hjartaþráðinn innst inn í sprotann. Hann prófaði að sveifla sprotanum og það virkaði. Og hann var mjög glaður. „Jibbí!“ Þeir sem hafa horft á Harry Potter vita að maður velur ekki sprotann, heldur sprotinn verður að velja þig. Og sprotinn valdi ekki Kalla. Hann hljóp niður í bæ og kallaði: „Hvar er Hogsmeade? Ollivanders er þar!“ Bóndinn sem var nálægast honum spurði: „Hvað er Hogsmeade? Og þetta Diagon Alley?“ „Fyndinn ertu, Gandálfur“, sagði Kalli Galli. Gandálfur gafst upp og gaf Kalla sprota. **„HOGWARTS BÍÐUR“** Og Gandálfur ranghvolfdi í sér augunum. Endir.

Reynir Axel



Mynd: Fenrir Flóki




*Mynd: Wojciech*




FRANSISKUS
HOTEL

# Krakkakiljan

*Hetja* er geggjuð bók sem fjallar um einstakt samband hesta og manna. Sagan gerist úti í sveit þar sem Björg á heima með foreldrum sínum og heilu stóði hesta. Hetja er síðan tekin af tveimur mönnum sem hún kallar Rúllubaggi og Girðingastaur. Björg tekur eftir því og reynir að finna hana og lendir í mörgum ævintýrum. Bókin *Eldur* er framhald af bókinni *Hetju*. Í þeirri bók er Hetju aftur stolið af þessum mönnum nema í þetta skipti með folald. Folaldið hét Eldur og var rauðstjörnótt.

Höfundur er Björk Jakobsdóttir

Við mælum klárlega með þessari bók fyrir alla krakka og fullorðna. Höldum að krakkar 9-13 ára hafi gaman að.

★★★★★




Arndís Iða og Hrafntinna Kristín




*Mynd: Aron Elvar*

# Stærðfræði er skemmtileg – skref fyrir skref

- Skráðu aldur þinn
- Bættu við fjölda knattspyrnumanna í knattspyrnuliði (11)
- Margfaldaðu svarið með fjölda hliða á teningi (6)
- Deildu í það svar með fjölda horna í þríhyrningi (3)
- Dragðu 22 frá. Ef þú hefur reiknað rétt fram að þessu er svarið tvöfalt hærra en aldur þinn
- Margfaldaðu svarið með fjölda millilítra í einum desilítra (100)
- Deildu í svarið með fjölda horna í fjórflötungi (4)
- Dragðu fjórða hluta af 1000 frá svarinu (250)
- Deildu nú með 50
- Bættu við fjölda flata í ferstrendum píramída (4)
- Ef þú hefur reiknað rétt hefur þú fengið tölu sem þú þekkir vel. Hver er talan?







$a^2 + b^2 = c^2$ $\quad a = \sqrt{c^2 - b^2}$ $\quad A = \pi r^2$

## Svör við spurningum og þrautum

### Spurningar um Láru og Ljónsa

**1:** Glódís
**2:** Birgitta Haukdal
**3:** 21
**4:** Nei
**5:** Hrólfur
**6:** Tvö (þverflautu og fiðlu)
**7:** Afi hennar
**8:** Frakklands
**9:** Föndurengil
**10:** Lára bakar

### Þraut - Veistu svarið?

Svarið er 40
1 + 4 = 5
2 + 5 = 12 (5 + 2 + 5 = 12)
3 + 6 = 21 (12 + 3 + 6 = 21)
8 + 11 = 40 (21 + 8 + 11 = 40)

### Talnaþraut

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 15 |
| 7 | 5 | 8 | 20 |
| 3 | 1 | 6 | 10 |
| 14 | 8 | 23 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 2 | 15 |
| 5 | 4 | 1 | 10 |
| 8 | 3 | 9 | 20 |
| 20 | 13 | 12 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 4 | 11 |
| 9 | 3 | 8 | 20 |
| 7 | 6 | 1 | 14 |
| 18 | 14 | 13 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 16 |
| 1 | 5 | 7 | 13 |
| 8 | 4 | 4 | 16 |
| 12 | 16 | 17 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 4 | 15 |
| 3 | 6 | 7 | 16 |
| 3 | 9 | 2 | 14 |
| 12 | 20 | 13 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 7 | 17 |
| 8 | 1 | 6 | 15 |
| 3 | 4 | 6 | 13 |
| 19 | 7 | 19 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 6 | 15 |
| 7 | 4 | 3 | 14 |
| 5 | 5 | 6 | 16 |
| 14 | 16 | 15 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 2 | 13 |
| 2 | 6 | 7 | 15 |
| 10 | 5 | 2 | 17 |
| 15 | 19 | 11 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 16 |
| 6 | 1 | 4 | 11 |
| 6 | 3 | 9 | 18 |
| 16 | 13 | 16 | |